

## Leiðbeiningar hollustuháttahóps um verklagsreglur fyrir eftirlit með laugum á sund og baðstöðum

**Öryggisreglur** sem rekstaraðili setur til að stuðla að öryggi gesta sinna skulu vera til staðar og sýnilegar gestum. Í þessum reglum skal m.a. koma fram

- a. að gestir eru á eigin ábyrgð í pottinum þar sem ekki er laugargæsla á svæðinu,
- b. að börn eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna sinna og skulu vera undir stöðugu eftirliti þeirra á meðan þau eru í pottinum,
- c. mælst sé til þess að tveir eða fleiri baðgestir fari saman í laug,
- d. að merkingar við laugarnar séu í samræmi við öryggisleiðbeiningar Umhverfisstofnunar (t.d. hvað varðar varúðarmerkingar og yfirlitskort),
- e. að einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að sund- og baðstöðum,
- f. að heiti potturinn skal ávalt vera tryggilega lokaður og lok hans læst þegar hann er ekki í notkun,
- g. á stöðum þar sem starfsfólk er til staðar skal vera neyðarrofi og einnig er æskilegt að myndavélaeftirlit sé tengt afgreiðslu (athuga að merkja að upptaka sé á staðnum),
- h. æskilegt er að starfsfólk fari reglulega á skyndihjálpanámskeið,
- i. skyndihjálpubúnaður skal vera til staðar,
- j. í neyðartilfellum skuli hringja í 112.

**Neyðarnúmer 112** skal að vera sýnilegt á skilti við pottana.

**Hitastig pottanna** skal vera greinilega merkt á skilti við pottana. Skal hitastig í pottunum ekki fara yfir 44°C en með tilliti til öryggis gesta er þó æskilegt að hitastig fari ekki yfir 39°C.

**Umgengnisreglur** eru reglur sem rekstaraðili setur til að stuðla að góðri umgengni og heilnæmi svæðisins. Í þessum reglum má t.d. koma á framfæri tilmælum um að

- a. gestir baði sig áður en þeir fari í heita pottinn.
- b. að neysla matar og drykkjar sé óheimil á meðan dvalið er í heita pottinum.

auk upplýsinga um umsjónarmann ef eitthvað er ekki eins og það á að vera og annars þess sem rekstaraðili vill koma á framfæri við gesti sína.

**Prif á pottum** upplýsingar um hvernig þrifum á pottum/laugum er háttað skal vera sýnilegt. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda um hvernig þrifum skuli vera háttað – með notkun á efnavöru skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda.

Efnavara skal geymd þar sem börn ná ekki til.

Samþykkt mars 2016



Gunnlaug H. Einarsdóttir  
Sviðstjóri svið sjálfbærni